

Fimmtudaginn 27. október 1994 kl. 9:30

39. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 35/1994.

**Kvörtun Landssambands íslenskra rafverktaka
vegna Mjólkursamlags Borgfirðinga**

I.

Málsatvik

Þann 23. mars 1994 barst erindi frá Landssambandi íslenskra rafverktaka vegna Mjólkursamlags Borgfirðinga. Í erindinu er vísað til bréfs frá Landssambandinu sem sent var Verðlagsstofnun í maí árið 1992. Því bréfi fylgdi dreifibréf sem undirritað var af Mjólkursamsölunni í Reykjavík og Mjólkursamlagi Borgfirðinga dags. 1. nóv. 1991. Í dreifibréfinu er fjallað um að Mjólkursamlagið í Borgarnesi muni annast viðhald á mjaltabúnaði og kælitönkum fyrir bændur á samlagssvæðinu með starfsmönnum samlagsins ásamt rafverktökum þess. Fram kemur í dreifibréfinu að bændur þurfi aðeins að greiða 65% af vinnulaunum við viðgerðir og ekki verði innheimt gjald fyrir ferða- og vélakostnað. Kostnað við varahluti þurfi bændur hins vegar að greiða. Bændum er í dreifibréfinu bent á að snúa sér til rafverktakafyrirtækisins Lux hf. í Borgarnesi.

Landssamband íslenskra rafverktaka gerði skv. framansögðu athugasemd árið 1992 við að Mjólkursamlag Borgfirðinga sem hefur einkarétt til mjólkurvinnslu á samlagssvæðinu greiddi niður kostnað vegna rafmagnsviðgerða á mjaltabúnaði og kælitönkum sem unnar væru af einum tilteknum rafverktaka á samlagssvæðinu.

Verðlagsstofnun óskaði þess í bréfi frá 12. ágúst 1992 að Mjólkursamlag Borgfirðinga hætti þeim samkeppnistakmörkunum sem fram komu í bréfi samlagsins og Mjólkursamsölnnar í Reykjavík.

Landssamband íslenskra rafverktaka telur það fyrirkomulag sem lýst er í dreifibréfinu frá 1. nóvember 1991 ennþá í gildi og óskar þess í erindi sínu frá 23. mars sl. að það verði tekið til athugunar.

II. Athugasemdir málsaðila

1.

Mjólkursamlag Borgfirðinga sendi Verðlagsstofnun bréf þann 17. ágúst 1992. Í því kemur fram að í upphafi tankvæðingar hafi mjólkursamlögin átt stóran hluta af kælibúnaði í fjósum og þá hafi samlögin séð um alla viðhaldsvinnu vegna hans. Síðan hafi hlutur bænda í viðhaldskostnaði hækkað ár frá ári og sé kominn í það horf sem segir í dreifibréfinu frá 1. nóvember 1991. Samlagið kveður að um sé að ræða mjög takmarkaðan hluta þeirrar rafmagnsvinnu sem unnin sé hjá bændum og sé um að ræða þjónustu á mjög sérhæfðum búnaði sem Mjólkursamlagið telur sig þurfa að hafa sérstakt eftirlit með. Samlagið segir að þeir aðilar sem annist viðhaldsvinnuna séu rafvirkjar, kælisérfræðingar og mjólkureftirlitsmaður sem hafi sérhæft sig í þjónustu viðkomandi búnaðar heima og erlendis.

Mjólkursamlagið vekur athygli á því að þessi háttur sé ekki sérstakur á svæði Mjólkursamsölunnar og Mjólkursamlags Borgfirðinga heldur sé um svipaða útfærslu að ræða hjá flestum, ef ekki öllum mjólkurbúum landsins.

Með bréfi frá 3. júní 1994 var leitað athugasemda Mjólkursamlags Borgfirðinga við erindi Landssambands íslenskra rafverktaka frá 23. mars s.l. Svar barst 14. september sl. þar kemur fram að engar breytingar hafi orðið á umræddum þjónustuþætti samlagsins við bændur. Er vísað í bréf samlagsins frá 17. ágúst 1992.

2.

Ekki bárust skriflegar athugasemdir frá Mjólkursamsölnni vegna málsins en upplýst hefur verið munnlega að Mjólkursamsalan annist ekki þjónustu með þeim hætti sem fram kemur hjá Mjólkursamlagi Borgfirðinga og hafi ekki verið aðili að dreifibréfinu frá 1. nóvember 1991.

3.

Reynir Ásberg rafverktaki í Borgarnesi sem kvartað hafði við Landssamband íslenskra rafverktaka gaf Verðlagsstofnun munnlega skýrslu vegna erindisins á árinu 1992. Einnig gaf hann Samkeppnisstofnun munnlega skýrslu 22. september sl.

Í máli hans kom fram að ekki þyrfti aðra fagþekkingu til að þjónusta rafbúnað vegna kælitanka og mjaltakerfa en þá sem rafverktakar almennt hafa. Sagði

hann að ýmsir bændur óskuðu ekki eftir því að skipta við þann rafverktaka sem Mjólkursamlagið vísi á og hafi þeir m.a. leitað til sín. Þeir þurfi hins vegar að greiða reikninga sína að fullu á meðan reikningar vegna vinnu sem unnin er af því fyrirtæki sem Mjólkursamlagið hafi viðskipti við séu að hluta greiddir af samlaginu. Taldi Reynir Ásberg að með háttsemi sinni væri Mjólkursamlagið að skekkja samkeppnisaðstæður á samlagssvæðinu. Hann benti á að þetta hefði áhrif á önnur verkefni en þau sem lytu að þjónustu við kælíbúnað og mjaltakerfi því að gera mætti því skóna að rafvirki sem kominn væri heim á bæ væri fenginn til að sinna öðrum tilfallandi rafviðgerðum. Hann upplýsti einnig að rafverktakafyrirtækið sem Mjólkursamlagið hefði samning við sendi reikninga vegna þjónustu sinnar til samlagsins sem greiddi reikningana en innheimti síðan hlut bænda hjá þeim.

4.

Aflað hefur verið munnlegra upplýsinga um það hvernig staðið er að sambærilegri þjónustu við bændur og hér um ræðir annars staðar á landinu. Eftir því sem næst verður komist mun algengt að mjólkursamlög hafi ekkert með aðra viðgerðarþjónustu að gera en neyðarþjónustu sem innheimt sé fyrir að fullu. Þetta á til dæmis við um Mjólkursamslag KEA á Akureyri. Einnig mun þekkjast að starfsmenn mjólkurbúa annist viðgerðarþjónustu sem innheimt sé fyrir að fullu. Mjólkurbú Flóamanna er nefnt sem dæmi um þetta. Ekki fengust upplýsingar um annað mjólkurbú en í Borgarnesi, sem hefur þann hátt á sem kvartað er yfir í erindi Landssambands íslenskra rafverktaka.

III.

Niðurstaða

Fram kemur í dreifibréfi frá 1. nóvember 1991 að Mjólkursamslag Borgfirðinga greiði hluta viðhaldskostnaðar vegna rafviðgerða á mjólkurkælum og mjaltakerfum á samlagssvæði sínu ef skipt er við einn tilgreindan rafverktaka. Er þar um að ræða sjálfstætt fyrirtæki en enginn rafvirki starfar hjá Mjólkursamlaginu sem sinnir fyrirnefndum verkefnum.

Mjólkursamlagið telur nauðsynlegt að beina bændum til aðila sem hafa sérþekkingu í viðgerðum á rafbúnaði kælitanka og mjaltakerfa. Rafverktaki í Borgarnesi andmælir því hins vegar að sérhæfða rafverktaka þurfi til slíkra

viðgerða. Önnur mjólkurbú, þ.m.t. stór mjólkurbú eins og á Akureyri, telja ekki ástæðu til að hafa afskipti af viðgerðum á umræddum búnaði og annast almennir rafverktakar þær eftir aðstæðum. Verður því vart séð að sérþekking rafverktaka sé forsenda þess að þeir annist viðgerðir á rafbúnaði kælitanka og mjaltakerfa á svæði Mjólkursamlags Borgfirðinga eða að Mjólkursamlagið geri sérþekkingu rafverktaka að skilyrði fyrir þátttöku í viðgerðarkostnaðinum.

Mjólkursamlagið hefur einkaleyfi til að safna og vinna úr mjólk hjá framleiðendum á samlagssvæðinu. Samlagið hefur í skjóli einkaréttarins og tengsla við bændur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni í viðgerðum á rafbúnaði kælitanka og mjaltakerfa án þess að taka tillit til keppinauta á þeim markaði. Með því að greiða niður ákveðin viðskipti bænda við tiltekinn rafverktaka er samlagið að beina viðskiptum þeirra til hans. Þetta hlýtur að hafa skaðleg áhrif á samkeppnishæfni annarra rafverktaka á svæðinu og stríðir gegn markmiði samkeppnislaga nr. 8/1993 og ákvæðum 17. gr. laganna þar sem segir m.a.:

"Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:

- a. *að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,*
- b. *óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum....."*

IV.

Ákvörðunarorð:

"Með vísan til 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 1. gr. laganna, beinir Samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Mjólkursamlags Borgfirðinga að samlagið taki þátt í kostnaði við vinnu allra þeirra rafverktaka sem annast viðgerðir á rafbúnaði kælitækja og mjaltakerfa fyrir bændur á samlagssvæðinu telji samlagið þörf á þátttöku þess í greiðslu kostnaðarins eða láti ella af hvers kyns þátttöku í greiðslum vegna rafviðgerða fyrir bændur."